

Stjörnugrís hf.
Vallá
116 Kjalarnes

Reykjavík, 27. september 2019
UST201908-237/F.T.
08.12.02

Efni: Áminning og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 6. september sl. þar sem stofnunin áfórmáði að áminna Stjörnugrís hf. vegna frávika er skráð voru í eftirliti þann 12. júní 2019.

Frávikan eru eftirfarandi:

1. **Grein 9.1 í 1. kafla starfsleyfisskilyrða.** Skráningar á tæmingu á flórum, þrif á deildum, förgun, nýtingu og endurvinnslu úrgangs, magn lífræns úrgangs voru ekki aðgengilegar í vettvangsheimsókninni.
2. **18. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.** Rekstraraðili skal vinna áhættumat um mögulega bráðamengun til hafs og stranda og vinna viðbragðsáætlun á grundvelli þess. Áhættumat og viðbragðsáætlun er ekki til staðar á búinu.
3. **Grein 3.2 í 1. kafla og grein 2.3 í 2. kafla starfsleyfisskilyrða.** Grasfietir í næsta nágrenni voru óslegnir en skv. í næsta nágrenni skuli þeir vera snöggslegnir til að auðvelda hreinsun á svæðinu.
4. **Grein 4.4 í 2. kafla starfsleyfisskilyrða.** Í fráveituskurðum var talsvert af setfellingum og sorpi allt frá búinu niður að útrás til sjávar. Fráveitulögn í fjörunni norðaustan við búið var ryðguð í sundur og stífluð af sjávarmöl.

Umhverfisstofnun veitti frest til að senda inn tímasetta áætlun um úrbætur vegna framangreindra frávika til 20. september sl. Stofnuninni hefur ekki borist tímasett áætlun um úrbætur né staðfesting á því að úrbætur hafi farið fram og veitir því rekstraraðila áminningu, sbr. 2. tl. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir. Jafnframt er gerð krafa um úrbætur. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til 11. október nk. til þess að skila inn tímasettri áætlun um úrbætur eða koma sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Verði rekstraraðili ekki við kröfum Umhverfisstofnunar um úrbætur innan tilskilins frests er stofnuninni heimilt að ákveða rekstraraðila dagsektir allt að 500.000 kr. á dag þar til úr er bætt, sbr. 1. mgr. 61. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, sbr. 2. mgr. 61. gr. reglugerðar nr. 550/2018, með síðari breytingum. Þær aðgerðir yrðu áfórmáðar sérstaklega og andmælafrestur veittur.

Umhverfisstofnun bendir á að heimilt er að vísa ákvörðun þessari til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, sbr. 1. mgr. 65. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og

mengunarvarnir. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæru fer samkvæmt lögum nr. 130/2011, um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er einn mánuður frá því að kæranda varð kunnugt eða mátti vera kunnugt um ákvörðunina.

Vakin skal athygli á því að áminning þessi verður birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar. Jafnframt mun stofnunin birta á vefsíðu sinni sjónarmið fyrirtækisins.


Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni vegna frávika frá ákvæðum starfsleyfis verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum. **Gjaldið er 26.400 kr.**

Óski rekstraraðili eftir frekari upplýsingum má hafa sambandi við Frigg Thorlacius í síma 591-2000 eða með tölvupósti á friggt@ust.is. Gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið ust@ust.is.

Virðingarfullst



Skúli Þórðarson
sviðsstjóri



Frigg Thorlacius
Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Afrit: Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur